

Fimmtudaginn 28. janúar 1993.

Nr. 211/1992. **Ákærvaldið**

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Daniel Allan Pollock

(Páll A. Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Skilorð. Dráttur á rekstri máls. Mannréttinda-sáttmáli Evrópu. Upptaka. Vítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunar-stefnu 4. maí 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar refsingu. Þá er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms um upptöku.

I.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, gekkst ákærði undir dómsátt á árinu 1981 fyrir brot gegn lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni. Samkvæmt upplýsingum í málinu frá embætti lög-reglustjórans í Reykjavík viðurkenndi ákærði þá kaup á tveimur grömmum af hassi til eigin neyslu. Þá gekkst ákærði á árinu 1984 undir dómsátt fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 3. mgr., 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Ákærði hefur ekki gerst sekur um önnur brot, svo að kunnugt sé.

Með fram lögðum gögnum hefur verið upplýst, að ákærði fluttist til Bandaríkjanna í byrjun árs 1989 og fór þar í átta vikna vímuefna-meðferð. Þá gefa málskjöl til kynna, að hann hafi frá þessum tíma starfað hjá byggingafyrirtækjum þar í landi og jafnframt stundað tækninám að einhverju marki. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti gerði verjandi ákærða grein fyrir því, að ákærði væri enn sam-vistum við konu sína og tvö ung börn, hefði góða atvinnu og hefði hætt allri fíkniefnaneyslu þegar á árinu 1989. Fær það stöð í gögn-um málsins.

II.

Rekstur máls þessa hefur dregist úr hömlu. Ákærði varð uppvís að brotum sínum í nóvember 1988. Málið var fullrannsakað af hálfu lögreglustjórans í Reykjavík 20. janúar 1989 og var sent ríkissaksóknara til ákvörðunar þann dag. Ríkissaksóknari gaf ekki út ákæru í málinu fyrr en tveimur árum og rúmlega þremur mánuðum síðar, hinn 2. maí 1991. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu ákærvalds, að þessi dráttur réttlættist ekki af dvöl ákærða í Bandaríkjunum á þessum tíma.

Eftir að málið hafði legið hjá sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum um tæplega níu mánaða skeið, var ákæra birt ákærða 31. janúar 1992. Í hinum áfrýjaða dómi er því lýst, að ákærði hafi ótilkvaddur og fljótlega eftir komu til Íslands frá Bandaríkjunum í árslok 1991 átt frumkvæði að því, að máli þessu yrði lokið.

Sá dráttur, sem varð á rekstri málsins samkvæmt framansögðu hjá embætti ríkissaksóknara og hefur ekki verið skýrður, er víta-verður. Hann brýtur í bága við 1. mgr. 138. gr. þágildandi laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 1. mgr. 133. gr. laga nr. 19/1991 um sama efni, og er í andstöðu við ákvæði 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. auglýsingu nr. 11/1954.

III.

Fallast ber á sakarmat héraðsdómara og færslu brota til refsí-ákvæða. Þá er fallist á, að refsing ákærða sé hæfilega ákveðin fangelsi í 16 mánuði, en brot hans var mikils háttar. Þegar virtir eru persónulegir hagir ákærða, sakaferill hans og hinn óhæfilegi dráttur á rekstri málsins, þykir hins vegar rétt, eins og hér stendur sérstaklega á, að fresta fullnustu refsingar og láta hana falla niður að liðnum fjórum árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Til frádráttar dæmdri refsingu kemur gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 16. til 22. nóvember 1988.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og upptöku verða staðfest. Þá verður ákærði dæmdur til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Ákærði, Daniel Allan Pollock, sæti fangelsi í 16 mánuði. Fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að liðnum fjórum árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Til frádráttar refsingu kemur gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 16. til 22. nóvember 1988.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og upptöku eiga að vera öröskuð.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmans, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 9. mars 1992.

Ár 1992, mánudaginn 9. mars, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Bjarna Stefánssyni ftr. og þá upp kveðinn dómur í sakadómsmáli nr. 101/1992: Ákærvaldið gegn Daniel Allan Pollock.

Málið, sem dómtekið var 3. mars sl., er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 2. maí 1991, á hendur Daniel Allan Pollock, Skólabraut 39, Sel-tjarnarnesi, kt. 240958-7759, „fyrir að hafa í síðari hluta október og 10. nóvember 1988 keypt fíkniefni af óþekktum manni í Reykjavík, í fyrra skiptið 75 g af kókaíni og í hið síðara 143 g af amfetamíni, og ætlað efnin til endursölu í ágóðaskyni, en við húsleit á heimili ákærða 14. nóvember 1988 fann lögreglan 50 g af kókaíninu og allt amfetamínið“.

Telst þetta í ákæruskjali varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1874, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986, sbr. reglugerð nr. 177, 1986, sbr. auglýsingu nr. 314, 1981, og auglýsingu nr. 84, 1986.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingr, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á 50 g af kókaíni og 143 g af amfetamíni samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974, og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986.

Ákærði er sakhæfur og hefur samkvæmt sakavottorði, dagsettlu 13. janúar 1992, sætt refsingum sem hér segir:

- 1981 25/3 Fíkniefnadómur. Sátt: 700 kr. sekt f. brot g. 1. nr. 65, 1974, um áv. og fíkn. og rg. nr. 390, 1974.
- 1984 12/1 Kjósars., Hafnarfjörður. Sátt: 4.800 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökul. 4. mán frá 3. 9. 1983.

Málsatvik.

Hinn 14. nóvember 1988 gerði ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík húsleit á heimili ákærða, Daníels Allans Pollock, að Skólabraut 39, Seltjarnarnesi. Við leit í bílskúr, er fylgir íbúðinni, fundust 50 g af ætluðu kókaíni, falin bak við salerni, og 143 g af ætluðu amfetamíni, falin í niðurfalli í gólfi.

Ákærði var handtekinn í framhaldi af ofangreindu og færður á lögreglustöð.

Ofangreind haldlögð fíkniefni voru af lögreglu sérgreind á efnaskrá nr. 2214 og þar skráð svo:

A: Hvítt efni, ætlað kókaín 50 g.
 B. Gulleitt efni, ætlað amfetamín 143 g.

Tekið var fram á nefndri efnaskrá, að liður A hefði gefið jákvæða svörun sem kókaín og liður B sem amfetamín.

— — —

Niðurstöður.

Ákærði, Daníel Allan Pollock, hefur við allan rekstur málsins haldið fast við þá skýringu, að kókaínið hafi eingöngu verið ætlað til eigin nota og komist í sínar vörslur gegn gjaldfresti, enn fremur, að hann hafi ráðgert að fjármagna þessi kókaínkaup með sölu amfetamínsins, er að ofan greinir. Þótt þessi framburður þyki ekki trúverðugur, liggur ekkert fyrir í máli þessu, sem hnekkir honum. Verður því að leggja til grundvallar þann framburð ákærða hjá lögreglu og hér fyrir dómi, að hann hafi ætlað framangreint kókaín til eigin nota.

Með vísan til þess þykir með skýlausri játningu ákærða nægilega sannað, að ákærði hafi í síðari hluta október og 10. nóvember 1988 keypt fíkniefni af óþekktum manni í Reykjavík, í fyrra skiptið 75 g af kókaíni og í hið síðara 143 g af amfetamíni, og ætlað kókaínið til eigin nota, en amfetamínið til endursölu í ágóðaskyni, en við húsleit á heimili ákærða 14. nóvember 1988 fann lögreglan 50 g af kókaíninu og allt amfetamínið.

Brot ákærða þykja í ákæruskjali réttilega til refsíákvæða heimfærð og því varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna

nr. 16, 1986, sbr. reglugerð nr. 177, 1986, sbr. auglýsingu nr. 314, 1981, og auglýsingu nr. 84/1986.

Ákærði hefur samkvæmt því unnið til refsingar.

Við refsimat verður virt ákærða í hag, að hann upplýsti málið greiðlega og ótilkvaddur og fljótlega eftir komu hingað til lands frá Bandaríkjunum átti frumkvæði að því, að máli þessu yrði lokið. Einnig verður það virt ákærða í hag, að hann fór í vímuefna meðferð, eftir að fyrrgreint átti sér stað.

Að öllu fyrrgreindu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 16 mánuði.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, verður framan- greind gæsluvarðhaldsvist ákærða í samtals átta daga dregin með fullri dagatölu frá ofangreindri fangelsisrefsingu.

Með vísan til 141. gr. laga nr. 74, 1974, ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar og þar af 23.008 kr. að meðtöldum 12% söluskatti til skipaðs réttargæslumanns síns, Kristjáns Stefánssonar hrl., og 56.025 kr. að meðtöldum 24,5% virðisaukaskatti í málsvarnarlaun til Sigurðar Guðmundssonar hdl., skipaðs verjanda síns.

Þá ber, sem í ákæruskjali er krafist, og með vísan til 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974, og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986, að dæma ákærða til upptöku á ofangreindum 50 g af kókaíni og 143 g af amfetamíni, sérgreindu á efnaskrá nr. 2214.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Daníel Allan Pollock, kt. 240958-7759, sæti fangelsi í 16 mánuði að frádregnu átta daga gæsluvarðhaldi.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar og þar af 23.008 kr. í réttar- gæsluþóknun til Kristjáns Stefánssonar hrl. og 56.025 kr. í málsvarnar- laun til Sigurðar Guðmundssonar hdl.

Upptæk til eyðingar skulu 50 g af kókaíni og 143 g af amfetamíni, sérgreind á efnaskrá nr. 2214.
